Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Bæjarráð Kópavogs

Kópavogi, 7. október 2024
2409224/304.00

Á fundi velferðarráðs þann 9.9.2024 var lögð fram til kynningar tillaga að samstarfi við Hrafnistu vegna Boðaþings (fylgiskjal 1). Velferðarráð bókaði eftirfarandi:

> *Velferðarráð þakkar fyrir góða kynningu. Málinu er vísað til kynningar og umsagnar í öldungaráði.*

Á fundi öldungaráðs þann 18.9.2024 var tillagan lögð fram til kynningar og umsagnar (fylgiskjal 2). Öldungaráð bókaði eftirfarandi.

> *Öldungaráð þakkar góða kynningu frá starfsfólki Hrafnistu og tekur jákvætt í framkomna tillögu um að fela Hrafnistu rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Boðaþingi.*

Á fundi velferðarráðs þann 23.9.2024 var tillaga að samstarfi við Hrafnistu vegna Boðaþings (fylgiskjal 3) lögð fram til afgreiðslu. Velferðarráð bókaði eftirfarandi:

> *Velferðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að fela sviðsstjóra velferðarsviðs heimild til að ganga til samninga við Hrafnistu um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Boðaþingi með fyrirvara um jákvæða umsögn innkaupadeildar. Velferðarráð vísar málinu til bæjarráðs og bæjarstjórnar.*

Óskað var eftir umsögn frá innkaupadeild Kópavogsbæjar sem barst frá lögfræðideild Kópavogsbæjar dags. 29.9.2024 (fylgiskjal 4). Lagt er til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði gefin heimild til að ganga til samninga við Hrafnistu um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Boðaþingi. Drög að samningi fylgja með í fylgiskjali 5.

Virðingarfyllst,

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1. Minnisblað sem lagt var fyrir velferðarráð 9.9.2024.
Fylgiskjal 2. Minnisblað sem lagt var fyrir öldungaráð 18.9.2024.
Fylgiskjal 3. Minnisblað sem lagt var fyrir velferðarráð 23.9.2024.
Fylgiskjal 4. Umsögn innkaupadeildar 29.9.2024.
Fylgiskjal 5. Drög að samningi um rekstur Boðans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026